Nr. 43.
10.
nóvbr.

# Sveitastjórnarlög

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. Kafli.

### Umdæmi.

1. gr.

Sýslur á landinu skulu vera sömu og nú eru, sömuleiðis sýslnamörk. Sama er um hreppa í hverri sýslu og hreppamörk.

2. gr.

Sýslum má eigi fækka nje fjölga, nje heldur breyta takmörkum þeirra, nema með sjerstökum lögum.

3 gr.

Stjórnarráðið hefur heimild til að skipta hreppi, sameina hreppa og breyta hreppamörkum. Eigi má neina slíka breyting gjöra, nema eptir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum sýslunefndar, nema þegar svo stendur á sem í 4. gr.

4. gr.

Nú hefur kauptún eða þorp 300 íbúa eða fleiri, og hefur það þá rjett til að fá sjerstaka sveitarstjórn og verða hreppur fyrir sig með þeim ummerkjum, er stjórnarráðið ákveður eptir tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar. Stjórnarráðið kveður á sama hátt á um fjárskipti og skulda með hinu nýja hreppsfjelagi og hinum hluta þess hrepps, er það áður var í, og skal við skiptingu þessa farið eptir því, hvernig byrði viðkomandi hrepps hefur verið skipt 5 árin næstu á undan, nema samkomulag fáist.

## 2. Kafli.

### Stjórn.

5. gr.

Stjórn sveitarmálefna í hreppi hverjum skal á hendi hafa hreppsnefnd og í sýslu verri sýslunefnd.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

# Landkommunernes Styrelse.

Nr. 43.
10.
Novbr.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

## 1ste Afsnit.

### Kredsene.

§ 1.

Landets Sysler og disses Grænser skulle være de samme som nu. Det samme gælder om Repper i hvert Syssel og deres Grænser.

§ 2.

Syslernes Antal kan ikke formindskes eller forøges, ej heller deres Grænser forandres, undtagen ved en særlig Lov.

§ 3.

Ministeriet har Myndighed til at dele en Rep, forene Repper og forandre Reppernes Grænser. Ingen saadan Forandring kan foretages uden efter de paagældende Repsforstanderskabers Begæring og Sysselforstanderskabets Anbefaling, undtagen i de i § 4 omtalte Tilfælde.

§ 4.

Et Handelssted eller en Landsby, som har mindst 300 Indbyggere, har Ret til at blive en særlig Kommune med de Grænser, som Ministeriet efter Repsforstanderskabets og Sysselforstanderskabets Indstillinger bestemmer. Ministeriet træffer paa samme Maade Bestemmelse om Delingen af den forhaandenværende Formue og Gæld mellem den ny Kommune og den øvrige Del af den Rep, hvoraf den tidligere var en Bestanddel, ved hvilken Deling der — naar en Overenskomst ikke opnaas — skal gaas frem efter, hvorledes vedkommende Reps Byrder have været fordelte i de næstforegaaende 5 Aar.

## 2det Afsnit.

### Styrelse.

§ 5.

Styrelsen af de kommunale Anliggender i hver Rep overdrages et Repsforstanderskab og i hvert Syssel et Sysselforstanderskab.

## A. Hreppsnefndir.

### *a. Skipun hreppsnefnda.*

6. gr.

Tala hreppsnefndarmanna í hverjum hreppi skal vera söm og verið hefur. En tölu þeirri má sýslunefnd breyta, ef hreppsnefnd fer þess á leit. Þó skal tala nefndarmanna jafnan standa á stöku.

7. gr.

Nú er hreppi skipt í 2 hreppa, og ákveður þá stjórnarráðið eptir tillögum sýslunefndar, hve margir menn skuli vera i hreppsnefnd hvors hinna nýju hreppa.

8. gr.

Kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar á hver karlmaður í hreppnum, sem er í löglegri stöðu og ekki öðrum háður sem hjú, svo og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er standa fyrir búi eða á annan hátt eiga með sig sjálfar í löglegri stöðu. Enginn hefur þó þennan rjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, sje fullra 25 ára að aldri, hafi fullt ár á undan kosningunni átt lögheimili í hreppnum og goldið til hans þarfa, sje fjár síns ráðandi og standi eigi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

9. gr.

Foreldrar og börn þeirra mega ekki sitja saman í senn í hreppsnefnd, eigi heldur móðurforeldrar eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra.

10. gr.

Kjörtímabil hreppsnefndarmanns er 6 ár, þó með þeim nánari takmörkunum, er segir í 11.—13. gr.

11. gr.

Í júnímánuði, hinum næsta eptir að lög þessi fá gildi, skal kjósa hreppsnefnd í öllum hreppum á landinu, fulla tölu hreppsnefndarmanna í hverjum hreppi eptir 6. gr. Gömlu hreppsnefndirnar fara jafnframt frá, en endurkjósa má þá menn, er í þeim sátu, sbr. 14. gr. Úr hreppsnefnd þeirri, er þá verður kosin í hreppi hverjum, gengur eptir hlutkesti meiri hluti hennar (2 af 3, 3 af 5) eptir 3 ár, í júnímánuði; en minni hlutinn (1 af 3, 2 af 5) eptir 6 ár, í júnímánuði. Í stað þeirra nefndarmanna, er úr nefndinni ganga í hvort skipti, skal þegar kjósa jafnmarga menn í hana til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan meiri og minni hluti hverrar hreppsnefndar frá á víxl með 3 ára millibili.

Heimilt er hreppsnefnd að leyfa, að kosningar í hreppsnefnd fari fram að haustinu í þeim hreppum, þar sem svo sjerstaklega hagar til, að það sje nauðsynlegt kjósenda vegna.

12. gr.

Ef hreppi er skipt í tvo hreppa, þá skal þegar kjósa í hvorum þeirra nýja hreppsnefnd, og má sú kosning fram fara á öðrum tíma en í júnímánuði. En meiri eða minni hluti þeirra nefnda skal úr ganga í fyrsta skipti samtímis því, sem meiri eða minni hluti annara hreppsnefnda gengur úr samkvæmt 11. gr. En síðan fer um úrgöngu hreppsnefndarmanna í hinum nýju hreppum og kosning í þeirra stað svo sem segir í 11. gr.

13. gr.

Ef hreppsnefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal kjósa þegar mann í nefndina í stað hans til þess tíma að eins

## A. Repsforstanderskaber.

### *a. Repsforstanderskabernes Dannelse.*

§ 6.

Antallet af Repsforstanderskabernes Medlemmer i hver Rep skal være det samme som hidtil; men deres Antal kan forandres af Sysselforstanderskabet, hvis Repsforstanderskabet andrager derom. Dog skal Medlemsantallet altid være et ulige Tal.

§ 7.

Naar en Rep deles i to Kommuner, fastsætter Ministeriet efter Sysselforstanderskabets Indstilling Antallet af Medlemmer i hvert af de ny Reppers Forstanderskaber.

§ 8.

Valgret og Valgbarhed til Repsforstanderskabet tilkommer enhver i Reppen bosiddende Mand, der indtager en lovlig Stilling og ikke staar i privat Tjenesteforhold, samt Enker og ugifte Kvinder, som forestaa en Husstand eller paa anden Maade indtager en selvstændig Stilling. Denne Ret tilkommer dog ingen, medmindre han er i Besiddelse af et uplettet Rygte, har fyldt sit 25. Aar, har i et helt Aar forinden Valget haft fast Ophold i Reppen og ydet Bidrag til dens Fornødenheder, er raadig over sin Formue, og ikke har modtaget Fattigunderstøttelse, for hvilken han endnu staar i Gæld.

§ 9.

Forældre og deres Børn eller Bedsteforældre og Børnebørn kunne ikke samtidig have Sæde i et Repsforstanderskab.

§ 10.

Repsforstanderskabets Medlemmer vælges paa 6 Aar, dog med de i §§ 11—13 fastsatte nærmere Begrænsninger.

§ 11.

I den første Juni Maaned efter denne Lovs Ikrafttræden skal et Forstanderskab vælges i alle Landets Repper, et fuldt Antal af Medlemmer i hver Rep efter § 6. De tidligere Medlemmer fratræder samtidig men kunne genvælges, jfr. § 14. Af det Forstanderskab, som da vælges i hver Rep, fratræder efter 3 Aars Forløb Flertallet (2 af 3, 3 af 5) i Juni Maaned efter Lodtrækning, men Mindretallet (1 af 3, 2 af 5) i Juni Maaned efter 6 Aars Forløb. I Stedet for de hver Gang fratrædende Medlemmer, skal uopholdelig det samme Antal vælges for 6 Aar. Paa denne Maade afgaar derefter Flertallet og Mindretallet af hvert Repsforstanderskab vekselvis med 3 Aars Mellemrum.

Repsforstanderskabet kan, naar særlige Forhold nødvendiggør det af Hensyn til Vælgerne, tillade, at Valgene til Forstanderskabet i den paagældende Rep foretages om Efteraaret.

§ 12.

Naar en Rep deles i to Kommuner, skal der uopholdelig i hver af de ny Repper vælges et Forstanderskab, hvilke Valg kan foregaa til anden Tid end i Juni Maaned. Men Flertallet eller Mindretallet af disse Forstanderskaber skal aftræde første Gang samtidig med Flertallet eller Mindretallet i de andre Repsforstanderskaber i Henhold til § 11. Derefter forholdes der efter § 11 med Fratræden og Valg af Repsforstanderskabets Medlemmer i de ny Reppe.

§ 13.

Dersom et Medlem dør eller af andre Grunde udtræder af Repsforstanderskabet inden Udløbet af hans Valgtid, skal der uopholdelig vælges et nyt Medlem til Forstander-

Nr. 43. 10. nóvbr. er eptir var af kjörtíma hans. Slík aukakosning getur farið fram, hve nær sem nauðsyn krefur.

14. gr.

Mann, sem gengur úr hreppsnefnd má endurkjósa svo opt sem vill. Þó er enginn, sem hefur verið 6 ár eða lengur í hreppsnefnd, skyldur til að taka móti kosningu af nýju í sömu nefnd, fyr en liðinn er jafnlangur tími og hann hefur verið í henni samfleytt síðast.

Sextugu rmaður er eigi skyldur til að taka móti kosningu í hreppsnefnd; eigi heldur kona, þótt yngri sje.

Nú er kosinn í hreppsnefnd maður, sem reyndar er eigi orðinn sextugur, en verður það þó innan 6 ára frá kjördegi, og er honum þá heimilt að segja sig úr nefndinni, er hann er orðinn fullra 60 ára.

15. gr.

Í hreppi hverjum stendur *kjörstjórn* fyrir hreppsnefndarkosningu. Í kjörstjórninni er oddviti hreppsnefndarinnar og með honum tveir aðrir nefndarmenn, er hreppsnefndin kýs, þar sem nefndarmenn eru fleiri en 3. En þar sem þeir eru að eins 3, eru þeir allir í kjöstjórninni. Oddviti er formaður kjörstjórnar.

Nú er nýr hreppur myndaður, og tilnefnir þá sýslumaður formann fyrstu kjörstjórnar þar og 2 menn með honum. Síðan fer um kjörstjórn þar eptir því sem áður segir í grein þessari.

16. gr.

Kjörstjórnin býr til fyrir 15. apríl ár hvert kjörskrá yfir þá menn í hreppnum, er kosningarrjett hafa, og skulu nöfn þeirra rituð eptir stafrófsröð ásamt heimili, stjett og aldri í sjerstökum dálkum. Skráin á að liggja hreppsbúum til sýnis í 3 vikur á hentugum stað, og skal auglýsa áður með 14 daga fyrirvara, hvar og hve nær hún verði lögð fram. Aðfinningar við hana verða að koma til kjörstjórnar fyrir kjörfundinn og leggur hún úrskurð á þær áður en til kosninga er gengið.

17. gr.

Dag og stund, þá er kosning skuli fram fara, á kjörstjórnin að auglýsa með þingboði um hreppinn svo snemma, að það verði kunnugt á hverju heimili í honum að minnsta kosti 3 nóttum fyrir kjörfund.

18. gr.

Kosningar fara fram eptir kjörskránni í heyranda hljóði. Hver sem vill neyta kosningarrjettar síns, verður sjálfur að koma á kjöfund og skýra munnlega frá, hvern hann kjósi eða hverja. Kjörstjórnin ritar atkvæðin jafnóðum í kjörbók. Þá er allir kjósendur, sem við eru staddir, hafa átt kost á að greiða atkvæði sín og atkvæði öll eru bókuð, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyrr en að minnsta kosti klukkustund er liðin frá því, er hún hófst. Formaður kjörstjórnar les þá greinilega upp öll atkvæði, sem greidd eru, en hinir í kjörstjórninni rita þau upp og telja saman. Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rjett kjörnir hreppsnefndarmenn. Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

skabet i hans Sted, men kun for den tilbagestaaende Del af hans Valgtid. Et saadant Suppleringsvalg kan foretages, naar som helst det er nødvendigt. Nr. 43. 10. Novbr.

§ 14.

Den, som udtræder af et Repsforstanderskab, kan genvælges saa ofte det skal være. Dog er ingen, der har været Medlem af Forstanderskabet i mindst 6 Aar, pligtig til at modtage Genvalg til det samme Forstanderskab førend efter Forløbet af lige saa lang Tid, som han sidst uden Afbrydelse har været Medlem.

Den Mand, som har fyldt 60 Aar, er ikke pligtig til at modtage Valg til et Repsforstanderskab; Kvinder er uden Hensyn til deres Alder ikke pligtige til at modtage Valg.

Naar der til Medlem af et Repsforstanderskab vælges en Person, som vel ikke er 60 Aar, men bliver det inden 6 Aar fra Valgdagen, har han Ret til at udtræde af Forstanderskabet, saa snart han har fyldt 60 Aar.

§ 15.

I hver Rep ledes Valg til Repsforstanderskab af en *Valgbestyrelse*. Denne bestaar af Repsforstanderskabets Formand og to andre af dets Medlemmer, hvilke vælges af Forstanderskabet, naar Medlemmernes Antal overstiger 3. Men hvor de kun er 3, tage de alle Sæde i Valgbestyrelsen. Repsforstanderskabets Formand er Valgbestyrelsens Formand.

Naar der dannes en ny Rep, udvælger Sysselmanden den første Valgbestyrelses Formand og 2 andre Medlemmer. Senere forholdes med Valgbestyrelse som foran bestemt i denne Paragraf.

§ 16.

Inden hvert Aars 15. April affatter Valgbestyrelsen en Liste over de Personer i Reppen, som ere valgberettigede, saaledes at deres Navne opføres i Bogstavorden med Angivelse i særlige Rubrikker af deres Bopæl, Stilling og Alder. Valglisten skal i 3 Uger henligge til offentligt Eftersyn paa et hensigtmæssigt Sted, efter at Sted og Tid for Fremlæggelsen forinden med 14 Dages Varsel er bekendtgjort. Indsigelser imod den maa indkomme til Valgbestyrelsen før Valget og afgøres af den ved en Beslutning, forinden Stemmegivningen begynder.

§ 17.

Dagen og Klokkeslettet for Valgenes Foretagelse skal bekendtgøres af Valgbestyrelsen ved et Tingbud over hele Reppen saa betids, at det bliver bekendt i hvert Hjem i det mindste 3 Nætter før Valget.

§ 18.

Valget foregaar offentlig efter Valglisten. Enhver, som vil benytte sin Valgret, skal møde personlig paa Valgstedet og mundtlig tilkendegive, paa hvilken eller hvilke Personer han stemmer. Valgbestyrelsen indfører Stemmerne, eftersom de afgives, i Valgprotokollen. Naar alle de tilstedeværende Vælgere have faaet Adgang til at afgive deres Stemmer, og disse ere tilførte Valgprotokollen, sluttes Afstemningen, dog ikke før end i det mindste en Time efter Afstemningens Begyndelse. Valgbestyrelsens Formand oplæser derefter tydelig alle de afgivne Stemmer, medens de andre to Medlemmer af Valgbestyrelsen optegner dem og tæller dem sammen. De, som have faaet de fleste Stemmer, ere lovlig valgte Medlemmer af Repsforstanderskabet. Have flere lige mange Stemmer, gør Lodtrækning Udslaget.

Nr. 43. 10. nóvbr.

19. gr.

Skorist einhver sá, er kosning hefur hlotið, undan því að taka móti henni, sker kjörstjórnin úr, hvort undanfærsla hans verði tekin til greina. Ef hún er tekin gild, er kosinn annar maður í stað hans. Að öðrum kosti má sá, er kosinn er, bera undanfærslu sína undir sýslunefndina, sem getur fellt úrskurð kjörstjórnar úr gildi og þá látið kjósa hreppsnefndarmann í stað hins

20. gr.

Kjörstjórn skal jafnan skýra sýslumanni frá, hvernig kosning hafi farið.

21. gr.

Ef einhver vill kæra yfir kosningargjörð eða úrskurði kjörstjórnar, skal hann senda formanni kjörstjórnarinnar kæru sína skriflega innan 8 daga frá því er úrskurðurinn var uppkveðinn, eða kosningargjörð lokið. Komi kæran síðar fram, skal eigi sinna henni. Þyki kjörstjórninni kæra, sem komið hefur í tæka tíð, vera á rökum byggð, getur hún breytt úrskurði sínum, og, ef ástæða er til, efnt þegar til nýrra kosninga. Að öðrum kosti sendir kjörstjórnin sýslunefndinni þegar kæruna með áliti sínu og leggur sýslunefndin úrskurð á málið.

22. gr

Ef hreppsnefndarmaður missir kosningarrjett og kjörgengi, víkur hann úr nefndinni. Missi hann rjettindi þessi að eins um hríð, má víkja honum um stundarsakir frá nefndarstörfum. Hinir hreppsnefndarmennirnir skera úr ágreiningi, er rís af slíkum atvikum, og einnig af því, er hreppsnefndarmaður brýtur svo mjög móti skyldum sínum, að nauðsynlegt þykir að víkja honum úr nefndinni. Heimilt er honum að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslunefndar.

23. gr.

Nú vill hreppsnefndarmaður fá lausn úr nefndinni áður en liðinn er tími sá, er hann var kosinn fyrir, og má þá hreppsnefndin veita honum hana. Ef hreppsnefndin synjar honum, getur hann snúið sjer til sýslunefndarinnar, og má hún veita honum lausn, ef ástæða er til.

24. gr.

Þegar hreppsnefnd er kosin, hvort heldur öll, eða meiri eða minni hluti (deild) hennar, skal elzti nefndarmaðurinn kveðja alla nefndarmennina á fund, til að kjósa *oddvita*. Kjörtími oddvita er jafnan til næstu almennra hreppsnefndarkosninga (deilda kosninga). Ef oddviti deyr, eða gengur úr nefndinni áður en kjörtími hans er á enda, skal kjósa oddvita í stað hans fyrir það, sem eptir er af oddvitakjörtímanum.

Elzti nefndarmaður stjórnar jafnan oddvitakosningu.

Hver nefndarmaður er skyldur til að taka á móti kosningu til að verða oddviti, eða til að framkvæma önnur sjerstök störf, er nefndin felur honum á hendur. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti í 3 ár eða lengur, eða haft önnur sjerstök störf á hendi fyrir nefndina, skorazt undan kosningu til þess starfs um jafnlangan tíma og hann hefur verið oddviti þeirrar nefndar, eða haft starfið á hendi.

§ 19.

Undslaar nogen, paa hvem Valg er faldet, sig for at modtage det, har Valgbestyrelsen at afgøre, om hans Vægring kan tages til Følge. Tages den til Følge, vælges en anden i hans Sted. I modsat Fald kan den valgte indanke sin Vægring for Sysselforstanderskabet, som kan annullere Valgbestyrelsens Afgørelse og derefter lade et nyt Medlem vælge i den andens Sted

§ 20.

Valgbestyrelsen skal altid indberette Udfaldet af Valget til Sysselforstanderskabet.

§ 21.

Vil nogen klage over en Valghandling eller en af Valgbestyrelsen afsagt Kendelse, skal han indgive sin skriftlige Besværing til Valgbestyrelsens Formand inden 8 Dage efter Kendelsens Afsigelse eller Valghandlingens Afslutning. Fremkommer Besværingen senere, skal den ikke paaagtes. Finder Valgbestyrelsen, at en i rette Tid indkommen Besværing er begrundet, kan den forandre sin Kendelse og — hvis dertil findes Anledning — straks forberede et nyt Valg. I modsat Fald indsender Valgbestyrelsen uopholdelig Besværingen tillige med sin Erklæring til Sysselforstanderskabet, der afgør Sagen ved sin Kendelse.

§ 22.

Mister et Medlem af Repsforstanderskabet Valgret og Valgbarhed, udtræder han af Forstanderskabet. Mister han kun midlertidig disse Rettigheder, kan han for en Tid suspenderes fra sine Forretninger i Forstanderskabet. De andre Medlemmer af Repsforstanderskabet have at afgøre de Spørgsmaal, som kunne opstaa heraf saavel som i Anledning af, at en Forstander overtræder sine Pligter i den Grad, at det findes nødvendigt at udelukke ham af Forstanderskabet; dog har han Ret til at indanke Repsforstanderskabets Afgørelse for Sysselforstanderskabet.

§ 23.

Ønsker et Medlem Fritagelse for Sæde i Repsforstanderskabet inden Udløbet af den Tid, for hvilken han er valgt, kan dette bevilges af Repsforstanderskabet. Afslaar dette hans Andragende, kan han henvende sig til Sysselforstanderskabet, der kan bevilge ham Fritagelsen, hvis dertil findes Anledning.

§ 24.

Saa snart Valg enten af hele Repsforstanderskabet, eller af dets Flertal eller Mindretal har fundet Sted, skal det ældste Medlem sammenkalde alle Medlemmerne til et Møde for at vælge en *Formand*. Formandsvalget gælder altid til næste almindelige Valg til Repsforstanderskabet (Afdelings Valg). Hvis Formanden afgaar ved Døden eller udtræder af Forstanderskabet inden Udløbet af den Tid, for hvilken han er valgt, skal der vælges en Formand i hans Sted for den tilbageværende Del af Formandsvalgperioden.

Det ældste Medlem af Repsforstanderskabet leder altid Formandsvalget.

Ethvert Medlem er forpligtet til at modtage Valg som Formand eller til at udføre andre særlige Forretninger, som overdrages ham af Forstanderskabet. Dog kan den, som har været Formand i mindst 3 Aar, eller som har varetaget andre særlige Forretninger for Forstanderskabet, undslaa sig for Valg til saadant Hverv for lige saa lang Tid, som han har fungeret som det paagældende Forstanderskabs Formand eller varetaget Forretningen.

Nr. 43.
10. nóvbr.

Hreppsnefnd hver skal kjósa *varaoddvita*, til að gegna störfum oddvita í forföllum hans. Kjörtími varaoddvita er sami og kjörtími oddvita. Enginn nefndarmaður getur skorazt undan þeirri kosningu. Oddviti stjórnar kosningu varaoddvita.

Sá er rjett kosinn oddviti eða varaoddviti, er fengið hefur meira en helming þeirra atkvæða, er viðstaddir hreppsnefndarmenn hafa greitt. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa af nýju. Fái þá eigi heldur neinn yfir helming atkvæða, skal fara fram bundin kosning milli þeirra tveggja, er við kosninguna á undan fengu flest atkvæði. Ef atkvæði eru jöfn við síðari óbundnu kosninguna, ræður hlutkesti, um hverja tvo skuli velja, er bundna kosningin fer fram. Sömuleiðis ræður hlutkesti, ef atkvæði eru jöfn við hana.

Hinn nýkosni oddviti tilkynnir þegar sýslumanni kosning oddvita og varaoddvita.

25. gr.

Oddviti kveður nefndarmenn til fundar, stjórnar umræðum og sjer um að fundargjörðir og allar ályktanir nefndarinnar sjeu rjett og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sjer um að öll störf, sem nefndin á að annast um, sjeu tilhlýðilega unnin. Hann er fjehirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og brjefaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufje hreppsins, verðbrjef og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir, og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Hreppsnefndin getur þó falið hverjum nefndarmanni, sem hún vill, á hendur einhver ákveðin störf (sbr. 24. gr.), t. d. að sjá um gjaldheimtu, fjallskil, annast brjefagjörð um einstök mál, eða einhverjar greinir mála og annað, er að þeim lýtur o. s. frv. Að öðru leyti annast oddviti um allt slíkt.

Í forföllum oddvita á varaoddviti að annast hlutverk hans að öllu leyti (24. gr.).

26. gr.

Hreppsnefndin skal halda að minnsta kosti 2 nefndarfundi ár hvert, í aprílmánuði, maímánuði eða júnímánuði og októbermánuði, og auk þess svo opt sem oddvita þykir þörf á, eða þegar að minnsta kosti helmingur nefndarmanna krefst þess.

Fundarstað ákveður nefndin, ef hún vill. Að öðrum kosti ræður oddviti honum, og hann ákveður fundardag og stund.

27. gr.

Hreppsnefnd getur enga ályktun gjört, nema meira en helmingur hennar sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita. Sje um einhverja kosning að ræða, og 2 nefndarmenn eða fleiri fá jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti. Þó fer um kosning oddvita og varaoddvita eptir 24. gr.

Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, getur heimtað, að ágreiningsálit hans verði ritað með fám orðum í gjörðabókina. Allir nefndarmenn, sem eru viðstaddir, rita nöfn sín undir hana.

Ethvert Repsforstanderskab skal vælge en *Næstformand* til at varetage Formandens Forretninger i hans Forfald. Næstformanden vælges for den samme Tid som Formanden. Intet Medlem kan undslaa sig for at modtage Valget. Formanden leder Valget af Næstformanden. Nr. 43. 10. Novbr.

Gyldigt Valg til Formand eller Næstformand er den, der har faaet mere end Halvdelen af de af de tilstedeværende Medlemmer afgivne Stemmer. Opnaas ikke Stemmeflerhed, skal der foretages ny Afstemning. Faar heller ikke ved denne Afstemning nogen mere end Halvdelen af Stemmerne, foretages bundet Valg mellem de to, der ved den foregaaende Afstemning have faaet flest Stemmer. Ere ved den sidste ubundne Afstemning Stemmerne lige, afgøres det ved Lodtrækning, mellem hvilke to der skal vælges ved det bundne Valg. Ligeledes gør Lodtrækning Udslaget, naar Stemmerne er lige ved det bundne Valg.

Den nyvalgte Formand gør Indberetning til Sysselmanden om Valget af Formand og Næstformand.

§ 25.

Formanden sammenkalder Repsforstanderskabets Medlemmer til Møde, leder Forhandlingerne og paaser, at Forhandlingerne og alle Forstanderskabets Beslutninger rigtig og nøjagtig tilføres Protokollen, samt at de tagne Beslutninger udføres. Han drager Omsorg for, at alle Forretninger, som Forstanderskabet har at varetage, besørges paa tilbørlig Maade. Han er dets Kasserer og Regnskabsfører, affatter alle dets Beretninger og Regnskaber og besørger al Bogføring og Brevveksling. Han forvarer Forstanderskabets Protokoller, Kapitaler, Værdipapirer og alle andre Dokumenter, samt alt andet Reppen tilhørende, som Forstanderskabet er ansvarligt for.

Repsforstanderskabet kan dog til hvilket som helst af Medlemmerne overdrage visse bestemte Forretninger (jfr. § 24), f. Eks. at besørge Inkassation, paase Kreaturers Indsamling fra Fjældgræsgangene, besørge Brevveksling om enkelte Sager, eller en vis Klasse af Sager med hvad dertil hører o. s. v. I øvrigt besørger Formanden alt saadant.

I Formandens Forfald bør Næstformanden varetage hans Hverv i enhver Henseende (§ 24).

§ 26.

Repsforstanderskabet skal holde i det mindste to Forstanderskabsmøder aarlig, i April, Maj eller Juni Maaned og i Oktober Maaned, og desuden saa ofte som Formanden finder det fornødent, eller naar det forlanges af i det mindste Halvdelen af Medlemmerne.

Forstanderskabet kan selv tage Bestemmelse om Mødestedet. Ellers bestemmes det af Formanden, der tager Bestemmelse om Dagen og Klokkeslettet.

§ 27.

Ingen Beslutning kan tages af et Repsforstanderskab, naar ikke over Halvdelen af dets Medlemmer er til Stede. Paa Repsforstanderskabsmøder gør Stemmeflerhed Udslaget. Ere Stemmerne lige, gør Formandens Stemme Udslaget. Naar Sagen drejer sig om et Valg, og to eller flere Repsforstandere faa lige mange Stemmer, gør Lodtrækning Udslaget. Dog forholdes der med Hensyn til Valg af Formand og Næstformand efter § 24.

Ethvert Medlem, der har en fra de andres afvigende Mening, kan forlange den kortelig tilført Protokollen. Alle tilstedeværende Medlemmer underskrive Protokollen.

Nr. 43.
10.
nóvbr.

*b. Verksvið hreppsnefnda og laun.*

28. gr.

Hreppsnefnd stjórnar fátækramálum í hreppi sínum samkvæmt fátækralögum undir yfirstjórn sýslunefndar.

Fela má hreppsnefnd einum manni eða tveimur úr sínum flokki að hafa sjerstaka umsjón með framfærslu þurfalinga hreppsins og að annast störf, er að því lúta (24. og 25. gr.).

29. gr.

Hreppsnefnd hefur umsjón yfir þinghúsi hreppsins og öllum fasteignum, sem hann á eða hefur not af (t. d. Kristfjárjörðum), og á hún að sjá um, að þetta sje haft í góðu lagi. Hún annast um að landamerki afrjettar hreppsins og jarða hans sjeu ákveðin og jafnan glögg.

30. gr.

Hreppsnefnd á að sjá um notkun afrjetta hreppsins og um fjallskil og rjettir, smalanir afrjetta og heimalanda á haustum til fjárskila, og á vorum til rúningar og fráfærna og gjöra ráðstafanir til að eyða refum, allt eptir því sem reglugjörðir um fjallskil, refaveiðar o. s. frv. nánara ákveða.

31. gr.

Hreppsnefnd á að hvetja hreppsbúa til að hafa nægilegt fóður og húsrúm handa fjenaði sínum, þeim er þeir setja á vetur, og brýna jafnframt fyrir mönnum þá ábyrgð, er þeir geti bakað sjer með því að láta fjenað sinn verða horaðan eða horfalla. Hún ákveður ár hvert, hvenær almenn skoðun á búfjenaði og fóðurbirgðum skuli framfara.

32. gr.

Hreppsnefnd er skylt að leitast við að koma í veg fyrir flakk og húsgang, og hún á eptir mætti að stuðla að því, að góð regla haldist í sveitinni.

33. gr.

Hreppsnefnd hefur heimild til án milligöngu sýslumanns að halda undirboðsþing á vegastörfum og viðhaldi á þinghúsi og ennfremur á því að fá til verk og varning í þarfir sveitarinnar.

34. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sjerstaka sveit, til lykta ráðið, fyrr en álits hreppsnefndar þar hefur verið leitað um það. Hreppsnefnd má einnig að fyrra bragði senda stjórnarráðinu tillögur um hvað eina, er verða má sveitinni til gagns, eða miðar til að afstýra tjóni eða hallæri.

35. gr.

Reikningsár hrepps er fardagaárið.

36. gr.

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gjöra áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti sem fátækratíundin og aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldunum, jafna niður eptir efnum og ástæðum sem *aukaútsvari* því sem vantar, á alla þá, er eiga lögheimili í hreppnum, eða hafa fast aðsetur í honum. Þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldár-

*b. Repsforstanderskabernes Virksomhedsomraade og Lønning.*

§ 28.

Repsforstanderskabet bestyrer Reppens Fattigvæsen ifølge Fattigloven under Sysselforstanderskabets Overbestyrelse.

Repsforstanderskabet kan overdrage til et eller to Medlemmer af sin Midte at føre et særligt Opsyn med Forsørgelsen af Reppens fattige og at besørge de derhenhørende Forretninger (§§ 24 og 25).

§ 29.

Repsforstanderskabet fører Tilsyn med Reppens Tinghus og alle de faste Ejendomme, som den ejer eller bruger (f. Eks. Kristfæjorder), og drager Omsorg for, at de holdes i tilbørlig Stand. Den paaser, at Grænserne for Reppens Afret (Fællesgræsgange) og Jordejendomme ere fastsatte og altid utvivlsomme.

§ 30.

Repsforstanderskabet har at føre Tilsyn med Afbenyttelsen af Reppens Fællesgræsgange, Kreaturers Indsamling fra disse, Afsøgning af Fællesgræsgange og Hjemmegræsgange om Efteraaret til Faarenes Sortering og om Foraaret til Mærkning, Uldens Aftagelse og Lammenes Adskillelse fra Mødrene, endvidere træffe Foranstaltninger til Udryddelse af Ræve, alt efter de nærmere Bestemmelser i Reglementer om Faars Indsamling, Udryddelse af Ræve m. m.

§ 31.

Repsforstanderskabet bør tilskynde Reppens Beboere til at have tilstrækkeligt Høforraad og Staldrum til deres Kreaturer, som skulle leve Vinteren over, og samtidig foreholde dem det Ansvar, de kunne paadrage sig ved at lade deres Kreaturer afmagres eller dø af Hunger. Det bestemmer aarlig, hvornaar et almindeligt Eftersyn af Kreaturer og Foderforraad skal finde Sted.

§ 32.

Repsforstanderskabet er pligtigt til at søge at forhindre Omstrejfning og Betleri, og det bør efter Evne bidrage til Opretholdelse af god Orden i Reppen.

§ 33.

Repsforstanderskabet er berettiget til uden Sysselmandens Mellemkomst at bortlicitere Vejarbejder, Vedligeholdelse af Tinghuset, samt endvidere Forskaffelse af Arbejde og Varer til Kommunens Tarv.

§ 34.

Ingen Sag, der vedrører en særlig Kommune, kan afgøres førend Erklæring fra Forstanderskabet sammesteds har været indhentet. Repsforstanderskabet kan ogsaa af egen Drift indgaa til Ministeriet med Indstillinger om hvilken som helst Foranstaltning, som kan gavne Kommunen eller afværge Skade eller Hungersnød.

§ 35.

Reppens Regnskabsaar er Fardagaaret.

§ 36.

Repsforstanderskabet skal i hvert Aars Oktober Maaned affatte et Overslag over samtlige Kommunens Indtægter og Udgifter i indeværende Fardagaar, og for saa vidt Fattigtienden og Reppens andre Indtægter ikke dække Udgifterne, efter Formue og Lejlighed, paaligne alle, som have Hjemsted eller fast Ophold i Reppen, det manglende som et *Ekstrabidrag.* De have sammesteds at udrede fuld Afgift efter samtlige deres

Nr. 43. 10. nóvbr. inu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í hreppnum. Fast aðsetur í hreppnum skemmri tíma en 4 mánaði kemur ekki til greina. Sömuleiðis má leggja útsvar á fastar verzlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í hreppnum, er sjeu rekin að minnsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu, þótt eigendur þeirra hafi eigi haft þar fast aðsetur.

Á hvalveiði og síldarveiði með nót svo og á laxveiðiafnot utanhreppsmanna má leggja aukaútsvar, þótt fyrirtæki þessi eða atvinna sje rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu. Sömuleiðis má leggja aukaútsvar á ábúð á jörð eða jarðarhluta og leiguliðaafnot af jörðu, þótt engin ábúð fylgi, og þótt rekin sjeu skemur en 4 mánuði gjaldársins og þótt leiguliði eða notandi eigi heimili annarsstaðar.

Einnig má leggja aukaútsvar á kaupfjelög og pöntunarfjelög, ef þau hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnum og ástæðum svo sem hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje haft til annara tekna eða eigna þess, er í hlut á.

37. gr.

Nú stundar aðkomumaður bátfiski á firði eða flóa, á útveg annara en þarsveitarmanna, og dvelur hann í veiðistöð sama hrepps eða sömu hreppa samtals 4 vikur eða lengur sömu missiri, og er þá sveitarstjórn heimilt að jafna á hann hæfilegu útsvari í samanburði við innsveitarmenn. Útsvarinu skal formaður lokið hafa fyrir skip sitt áður en hann fer á brott. Þó skal eigi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum sveitarfjelögum við þann fjörð eða flóa, sem útræðið er við, ef útsvar er á þá lagt í sveitarfjelagi sjálfra þeirra.

Sá, sem útsvar er á lagt eptir þessari grein, getur kært það skriflega fyrir hreppsnefnd, er tekur kæruna til meðferðar og úrskurðar hana, sje hún komin til nefndarinnar innan frests sem hún telur hæfilegan eptir því sem á stendur í hvert skipti. Nú er gjaldþegn ekki ánægður með úrskurð hreppsnefndar, og má hann þá skjóta kærumáli sínu undir úrskurð sýslunefndar, og skal sýslunefndin leggja á það fullnaðarúrskurð, ef hún telur áfrýjun á úrskurði hreppsnefndar fram koma á hæfilegum fresti; að öðrum kosti skal kærunni ekki sinnt.

38. gr.

Áukaútsvörum, öðrum en þeim, er talað er um í 37. og 41. gr. jafnar hreppsnefnd niður í októbermánuði ár hvert fyrir reikningsár það, er þá stendur yfir. Hún gjörir nákvæma skrá yfir niðurjöfnunina. Niðurjöfnunarskráin skal liggja hreppsbúum til sýnis 4 vikur frá því er niðurjöfnun er lokið á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað. Framlagning hennar skal áður auglýst um hreppinn.

39. gr.

Heimilt er hverjum þeim, er aukaútsvari er jafnað á samkvæmt 38. gr., að bera upp aðfinningar um það, hvernig útsvörunum er jafnað á aðra eða sjálfan hann, eða að einhverjum hafi ranglega verið sleppt. Sá, er koma vill fram með slíkar aðfinningar, skal gjöra það brjeflega við oddvita áður en liðinn er tími sá, er niðurjöfnunarskráin á að liggja til sýnis. Komi kæran seinna en svo til oddvita, skal hreppsnefnd eigi skyld að taka hana

Formuesomstændigheder, medmindre de i Regnskabsaaret tillige have haft fast Bopæl andetsteds, i saa Fald maa der ikke paalignes dem en højere Afgift, end der svarer til den Tid, i hvilken de have haft et fast Ophold i Reppen. Fast Ophold i Reppen af kortere Varighed end 4 Maaneder kommer ikke i Betragtning. Ligeledes kan der paalægges faste Handeler samt andre indbringende Stiftelser og Foretagender i Reppen, der drives i det mindste i 4 Maaneder af Regnskabsaaret inden Reppen, et Bidrag, selv om vedkommende Ejere ikke have fast Ophold sammesteds. Nr. 43. 10. Novbr.

Paa Hvalfangst og Sildefiskeri med Not saavel som Udenrepsmænds Benyttelse af Laksefiskeri kan der lignes Ekstrabidrag, selv om disse Foretagender drives i en kortere Tid end 4 Maaneder af Skatteaaret. Ligeledes kan Ekstrabidrag paalægges Beboelse af en Jord eller Jordparcel samt Brugen af en Jord som Opsidder uden at dermed følger Beboelse, selv om de drives i kortere Tid end 4 Maaneder af Skatteaaret, og selv om Lejetageren eller Brugshaveren bor uden for Reppen.

Ligeledes kan der paalægges Handelsforeninger og Forbrugsforeninger, der have løst Borgerskab, have en Udsalgsbutik og Varer til Salg, et efter aarlig Omsætning og Fortjeneste i Salgsafdelingen afpasset Ekstrabidrag. Disse Skatteobjekter skal paalignes Bidrag svarende til Bidraget efter Formue og Lejlighed og afpasset efter aarlig Omsætning og Fortjeneste, uden at der tages Hensyn til den paagældendes øvrige Indtægter eller Midler.

§ 37.

Driver en andetsteds boende Baadfiskeri i Fjord eller Bugt, og Udrustningen tilhører en anden end Reppens Beboere, og han opholder sig i den eller de samme Reppers Fiskerleje i 4 Uger eller længere i det samme Aar, er Kommunalbestyrelsen berettiget til at paaligne ham et passende Bidrag i Forhold til Reppens Beboere. Baadføreren skal, inden han rejser bort, have erlagt Bidraget for sin Baad. Dog skal intet Kommunebidrag paalignes en Fiskeridrivende fra andre Kommuner omkring den Fjord eller Bugt, hvor Fiskerlejet er beliggende, for saa vidt der er paalignet ham Bidrag i hans egen Kommune.

Den hvem Bidrag er paalignet efter denne Paragraf, kan skriftlig klage derover til Repsforstanderskabet, der tager Klagen til Behandling og afgør den, saafremt den er indkommet til Forstanderskabet inden en Frist, som det anser for passende efter de hver Gang forhaandenværende Omstændigheder. Er en skattepligtig ikke tilfreds med Repsforstanderskabets Afgørelse, kan han indgaa med sin Klage til Sysselforstanderskabet, der endelig afgør Sagen, hvis den finder, at Indankningen af Repsforstanderskabets Kendelse er fremkommet inden en passende Frist; i modsat Fald kommer Klagen ikke i Betragtning.

§ 38.

Andre Ekstrabidrag end de i §§ 37 og 41 omhandlede paaligner Repsforstanderskabet i hvert Aars Oktober Maaned for det løbende Regnskabsaar. Det affatter en nøjagtig Liste over Ligningen. Denne Liste skal henligge paa Reppens Tingsted eller et andet bekvemt Sted til Eftersyn for Repsbeboerne i 4 Uger efter at Ligningen er afsluttet. Dens Fremlæggelse skal i Forvejen bekendtgøres i Reppen.

§ 39.

Enhver, hvem et Ekstrabidrag er paalignet overensstemmende med § 38, er berettiget til at fremkomme med Indsigelse imod, hvorledes Ekstrabidraget er paalignet andre eller ham selv, eller imod, at nogen er forbigaaet ved Ligningen. Den der indgiver en saadan Indsigelse, skal gøre det skriftlig til Formanden inden Udløbet af den Tid, i hvilken Ligningen skal henligge til Eftersyn. Indkommer Indsigelsen senere til For-

Nr. 43. 10. nóvbr. til greina. Nú kemur útsvarskæra til oddvita í tæka tíð, og skal hann þá, að kærufrestinum liðnum, svo fljótt sem auðið er kveðja hreppsnefndina á fund og boða á fundinn bæði kæranda, og þann eða þá gjaldendur, er kært er yfir, og gefa þeim kost á að láta uppi álit sitt og skýringar um málið. Án þess að þeir eigi kost á þessu má hreppsnefnd eigi úrskurða um neina útsvarskæru. En láta mega þeir skriflega uppi álit sitt og þurfa ekki að mæta á fundinum, nema þeir vilji. Hreppsnefndin leggur svo úrskurð sinn á kæruna þá þegar á fundinum, nema henni þyki nauðsynlegt að fresta því, til að fá upplýsingar málinu til skýringar, en þá svo fljótt sem verða má. Eptirrit af úrskurði sínum sendir hún kæranda.

40. gr.

Úrskurði hreppsnefndar um útsvarskæruna getur kærandi eða sá, er útsvar er hækkað á eptir kæru annars, skotið til sýslunefndar, og skal hann þá gjöra það skriflega innan 8 vikna frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Komi málskot hans seinna en svo til oddvita sýslunefndarinnar, skal það ekki tekið til greina.

Þá er oddvita sýslunefndarinnar hefur verið send útsvarskæra, skal hann leggja hana fyrir næsta sýslunefndarfund og kveður nefndin upp úrskurð sinn um hana á þeim sama fundi, nema nauðsynlegt þyki að fresta því til þess að útvega nákvæmari skýrslur um málið, en þá svo fljótt sem auðið er.

41. gr.

Nú atvikast svo, að maður verður eitthvert ár útsvarsskyldur í hreppi samkvæmt 36. gr., en eigi fyrr en eptir hina almennu útsvaraniðurjöfnun, og er þá hreppsnefnd heimilt að leggja útsvar á þann mann, þótt seinna sje á árinu, en tilkynna skal nefndin honum það innan 8 daga frá því, er útsvar var á hann lagt.

Heimilt er hverjum þeim, er lagt er á útsvar eptir þessari grein, að kæra útsvar sitt, og skal þá útsvarskæran komin til oddvita hreppsnefndar innan 3 vikna frá því er útsvarinu var jafnað niður. Að öðru leyti fer um úrskurðun útsvarskæru þessarar og áfrýjun svo sem segir fyrir um í 39. og 40. gr.

42. gr.

Eindagi á aukaútsvörum, sem jafnað er niður eptir 38. gr., er 31. desember næst á eptir niðurjöfnuninni. Eindagi á útsvörum, sem jafnað er á eptir 41. gr., er sá, er hreppsnefnd ákveður. Um eindaga á þeim útsvörum, er lögð eru á eptir 37. gr., fer eptir því, sem fyrir er mælt í þeirri grein.

Enginn sá, er sveitarútsvar er lagt á, getur komizt hjá að greiða það á eindaga, þótt hann hafi kært yfir útsvarsupphæðinni og lagt það mál undir úrskurð sýslunefndarinnar. Ef sýslunefndin lækkar útsvarið, skal endurgjalda gjaldþegni af sveitarsjóði það, er hann hafði greitt fram yfir upphæð þá, er sýslunefndin gjörði honum að greiða.

43. gr.

Sveitarútsvör má taka lögtaki.

44. gr.

Hreppsnefnd getur heimtað, að gjaldandi hver greiði aukaútsvar sitt í peningum.

manden, er Repsforstanderskabet ikke pligtig at tage den i Betragtning. Indkommer Indsigelsen i rette Tid til Formanden, skal han efter Klagefristens Udløb saa hurtigt som muligt sammenkalde Repsforstanderskabet til et Møde og tillige indvarsle saavel Klageren som den eller de Skatteydere, som der klages over, og give dem Lejlighed til at fremkomme med deres Anskuelse og Oplysninger om Sagen. Repsforstanderskabet maa ikke afgøre nogen Klage over Ligningen, medmindre der gives dem Lejlighed hertil. De kunne dog ogsaa skriftlig erklære sig om Sagen, og behøve da ikke at give Møde, naar de ikke ønsker det. Repsforstanderskabet afgør derefter Klagen straks i Mødet, medmindre det finder fornødent at udsætte Sagen for at erhverve nærmere Oplysninger, i hvilket Fald Sagen dog skal afgøres saa snart som muligt. Repsforstanderskabet tilstiller Klageren en Afskrift af sin Kendelse.



§ 40.

Repsforstanderskabets Kendelse om Klagen over Bidraget kan Klageren, eller den, hvis Bidrag er forhøjet i Anledning af en andens Klage, indanke til Sysselforstanderskabet, hvilket han da skal gøre skriftlig inden 8 Uger efter Kendelsens Afsigelse; kommer hans Indankning senere til Sysselforstanderskabets Formand end nys angivet, tages den ikke i Betragtning.

Naar der indkommer en Klage til Sysselforstanderskabets Formand over et Kommunebidrag, skal han forelægge den for Sysselforstanderskabet i det næste Møde, hvorefter Sysselforstanderskabet afgør den i det samme Møde, medmindre det findes fornødent at udsætte Sagen for at indhente nærmere Oplysninger om den, men i saa Fald saa hurtigt som muligt.

§ 41.

Naar en Person først efter den almindelige Bidragspaaligning bliver skattepligtig i en Rep ifølge § 36, er Repsforstanderskabet berettiget til at paaligne ham et Ekstrabidrag, selv om det er senere paa Aaret, men det skal da underrette ham derom inden 8 Dage efter Paaligningen.

Enhver, hvem der paalignes Bidrag efter denne Paragraf, har Ret til at klage over dette, i hvilket Fald Klagen skal være indkommen til Repsforstanderskabets Formand inden 3 Uger efter Bidragets Paaligning. I øvrigt forholdes med denne Klages Afgørelse og Indankning som bestemt i §§ 39 og 40.

§ 42.

De i Henhold til § 38 paalignede Ekstrabidrags Forfaldsdag er den førstkommende 31. December efter Ligningen. De efter § 41 paalignede Bidrags Forfaldsdag fastsættes af Repsforstanderskabet. Med Hensyn til de i § 37 paalignede Bidrags Forfaldsdag forholdes efter Bestemmelserne i denne Paragraf.

Ingen, hvem Kommunebidrag er paalignet, kan unddrage sig fra at udrede det til Forfaldsdagen, selv om han har indgivet Klage over Bidragets Størrelse og indanket Sagen til Sysselforstanderskabets Afgørelse. Nedsætter Sysselforstanderskabet Bidraget, tilbagebetales der Skatteyderen af Kommunekassen, hvad han har betalt ud over det Beløb, som Sysselforstanderskabet tilpligter ham at betale.

§ 43.

Kommunebidrag kan inddrives ved Udpantning.

§ 44.

Repsforstanderskabet kan forlange. at alle Skatteydere erlægger deres Ekstrabidrag i Penge.

Nr. 43.
10. nóvbr.

45. gr.

Tekjur sveitarsjóðs eru:

1. Tíundir af fasteign og lausafje.
2. Aukaútsvör.
3. Afgjöld af fasteignum hrepps og upprekstrargjald.
4. Vextir af innstæðufje og leigufje.
5. Hundaskattur.
6. Endurgjald á veittum sveitarstyrk frá þurfalingi sjálfum eða ættingjum hans.
7. Frá öðrum hreppum:
   a. endurgjald á veittum þurfamannarstyrk;
   b. endurgjald fyrir önnur viðskipti.
8. Fimmtungur af alls konar fiski, sem veiddur er á opnum bátum á helgum dögum.
9. Óskilafjárverð.
10. Sektir eptir sættum eða dómum.
11. Gjald af síldarveiði og upsa með nót.
12. Gjafir eða aðrar óvæntar tekjur.

46. gr.

Hreppsnefndin skal halda saman stjórnartíðindum þeim, er henni eru send, ganga eptir, ef í þau vantar, láta binda þau inn og geyma þau vel. Kostnaður við það greiðist úr sveitarsjóði.

47. gr.

Utgjöld til skriffæra, brjefasendinga og sendiferða í þarfir hreppsins skal endurgjalda oddvita eptir reikningi.

Allt það, sem oddviti á að fá úr hreppssjóði, skulu hinir hreppsnefndarmennirnir ávísa honum skriflega.

48. gr.

Oddviti skal hafa að launum um árið 2 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Þó mega laun hans eigi nema meiru en 140 kr. og ekki minna en 40 kr. Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

49. gr.

Hreppsnefnd hver heldur þessar bækur:

1. *Sveitarbók.* Í hana skal rita:
   a. skýrslu um það, er gjörist á nefndarfundum, mál þau, er nefndin tekur fyrir, og ályktanir um þau.
   b. ársreikninga hreppsins með athugasemdum endurskoðenda, svörum reikningshaldara og úrskurðum sýslunefndar; ennfremur aðra reikninga hreppsins, svo og niðurjöfnunarskrár, og um ráðstöfun ómaga og meðlag með þeim, þurfamannastyrk og annað, er að þessu lýtur, og allar skýrslur.
2. *Brjefabók,* sem rita skal í orðrjett þau brjef, er nefndin (oddvitinn) ritar öðrum.
3. *Kassabók,* sem rita skal í allar peningaupphæðir, sem sveitarsjóður fær eða geldur út.
4. *Dagbók* yfir innkomin brjef eptir fyrirmynd, er sýslunefnd býr til.
5. *Kjörbók,* til að rita í atkvæði til hreppsnefndarkosningar.

Bækur þessar skulu vera löggiltar af sýslumanni, og rannsakar hann þær árlega. Andvirði þeirra greiðist úr sveitarsjóði.

§ 45.

Kommunekassens Indtægter ere følgende:

1. Tiende af faste Ejendomme og Løsegods.
2. Ekstrabidrag.
3. Afgifter af Reppens faste Ejendomme og Betaling for Benyttelse af Fællesgræsgange.
4. Renter af Kapitaler og Laan.
5. Hundeskat.
6. Refusion af ydet Fattigunderstøttelse fra en trængende eller fra hans Slægtninge.
7. Fra andre Repper:
   a. Refusion af ydet Fattigunderstøttelse.
   b. Refusion for andet Mellemværende.
8. Femteparten af al Slags Fisk, som fanges paa aabne Baade paa Helligdage.
9. Købesum for herreløse Faar.
10. Bøder ifølge Forlig eller Dom.
11. Afgift af Sild- og Graaseifiskeri med Not.
12. Gaver eller andre tilfældige Indtægter.

§ 46.

Repsforstanderskabet skal holde i Orden den Regeringstidende, som tilsendes det, reklamere, hvis den er defekt, lade den indbinde og forvare den godt. Omkostningerne herved udredes af Kommunekassen.

§ 47.

Udgifter til Kontorrekvisiter, Breves Forsendelse og Budsendelser til Reppens Tarv refunderes Formanden efter Regning.

Alt hvad Formanden skal have udbetalt af Repskassen, anvises ham skriftlig af de andre Repsforstandere.

§ 48.

Formanden skal have i aarlig Lønning 2 Kr. for hver 10 Indbyggere i Reppen. Dog maa hans Lønning ikke andrage mere end 140 Kr., og ikke mindre end 40 Kr. Dette Honorar udredes af Kommunekassen.

§ 49.

Repsforstanderskabet skal holde følgende Protokoller:

1. *Kommuneprotokol.* I den skal indføres:
   a. Beretning om, hvad der sker paa Repsforstanderskabets Møder, hvilke Sager Forstanderskabet behandler og dets Beslutninger angaaende dem.
   b. Reppens Aarsregnskab tilligemed Revisorernes Antegnelser, Regnskabsførerens Svar og Sysselforstanderskabets Decisioner, endvidere Reppens øvrige Regnskaber, saavel som Ligningslister samt Anmærkninger om Fattiglemmers Anbringelse og Underholdsbidrag til dem, Understøttelser til trængende og andet derhenhørende, samt alle Indberetninger.
2. *Kopibog,* hvori indføres ordret de Skrivelser, som Forstanderskabet (Formanden) tilskriver andre.
3. *Kassebog,* hvori opføres alle Pengebeløb, som Kommunekassen modtager eller udbetaler.
4. *Journal* over indkomne Breve indrettet efter en af Sysselforstanderskabet affattet Form.
5. *Valgprotokol* til Indførelse af Stemmegivningen ved Valg til Repsforstanderskabet.

Disse Protokoller skulle autoriseres af Sysselmanden og aarlig gennemses af ham. Omkostningerne ved deres Anskaffelse udredes af Kommunekassen.

Nr. 43.
10. nóvbr.

50. gr.

Fyrir 15. októbermánaðar ár hvert skal reikningshaldari gjöra reikning yfir tekjur og útgjöld hreppsins næstliðið fardagaár, og skal hann gjörður eptir fyrirmynd, er stjórnarráðið býr til.

Öll hreppsnefndin skal rannsaka reikninginn. En auk þess kýs hún í hvert skipti einhvern innsveitarmann annaðhvort úr hreppsnefndinni eða utan hennar, til að yfirskoða hann. Undan þeirri kosningu getur enginn skorazt, sá er hefur kosningarrjett og kjörgengi til hreppsnefndar.

Oddviti skal senda yfirskoðara reikninginn með fylgiskjölum fyrir lok októbermánaðar, og skal yfirskoðun hans lokið fyrir 10. nóvembermánaðar. Síðan skal reikningurinn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara og svörum reikningshaldara liggja hreppsbúum til sýnis á þingstað hreppsins eða öðrum hentugum stað frá 14. nóvembermánaðar, að þeim degi meðtöldum, mánuðinn út. Framlagningin skal auglýst áður um hreppinn. Fyrir 7. desembermánaðar næst á eptir sendir oddviti sýslunefndinni reikninginn með fylgiskjölum, athugasemdum hreppsnefndar og yfirskoðara, og svörum reikningshaldara. Sýslunefndin rannsakar svo reikninginn og úrskurðar eins og segir í 69. gr.

Öll hreppsnefndin hefur ábyrgð á því, að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabrjef og aðrar eigur hreppsins.

51. gr.

Án samþykkis nefndarinnar má eigi borga nein útgjöld af sveitarsjóði, nema þau, sem ákveðin eru í lögum, eða sýslunefndin hefur samþykkt.

52. gr.

Að því er snertir ungmennafræðslu, heilbrigðismál, vegi, alþýðustyrktarsjóð, skattamál, verðlagsskrár, húsmennskuleyfi, þurrabúðarleyfi, áfengissöluleyfi, nýbýlisleyfi, alþingiskosningar, fjárkláðaútrýming og annað, er hreppinn varðar, og eigi er sjerstaklega talið í lögum þessum, hefir hreppsnefnd það hlutverk, er lög á kveða.

53. gr.

Samþykki sýslunefndarinnar útheimtist til þess að ályktun hreppsnefndarinnar sje gild í þessum greinum:

1. til þess að hækka á ári því, sem yfir stendur, upphæðir þær, sem eru á niðurjöfnunarskránni.
2. til þess að sveitin takist á hendur nokkra skuldbinding til langframa, er eigi hvílir beinlínis á henni samkvæmt lögum.
3. til þess að nokkuð verði borgað úr sveitarsjóðnum fyrir aðstoð við sveitarstjórnarstörf, sem einhverjum ber að leysa af hendi, af því að hann er kjörinn til þess, að launum oddvita undanteknum (48. gr.).
4. til þess að á nokkru ári verði að samtöldu lögð á hreppsbúa meiri útgjöld en svo, að nemi þriðjungi fram yfir útgjaldaupphæð sama hrepps að meðaltölu um næstu þrjú ár á undan. Upphæð sú, sem eitthvert ár kann að verða lögð á með samþykki sýslunefndarinnar, má eigi teljast með, þegar síðar meir á að finna áðurgreinda meðaltalsupphæð.
5. til þess að selja megi eða veðsetja fasteignir sveitarinnar eða til að kaupa nýjar fasteignir handa henni.
6. til þess að eyða innstæðufje sveitarinnar.
7. til þess að taka lán handa sveitinni, sem nemi meira eða sje fyrir lengri tíma, en að það verði borgað aptur fyrir lok næsta reikningsárs, eða endurnýja slíkt lán, eða lengja þann tíma, er á að borga það aptur.

§ 50.



Før den 15. Oktober hvert Aar skal Regnskabsføreren affatte et Regnskab over Reppens Indtægter og Udgifter i det forløbne Fardagaar, hvilket Regnskab skal indrettes efter et af Ministeriet foreskrevet Skema.

Hele Repsforstanderskabet skal undersøge Regnskabet. Men desuden vælger det hver Gang en i Reppen bosat Mand enten af Repsforstanderskabets Midte eller uden for dette til at revidere Regnskabet. Ingen, som har Valgret og Valgbarhed til Repsforstanderskab, kan undslaa sig for at modtage Valget.

Formanden skal tilsende Revisor Regnskabet med Bilag inden Oktober Maaneds Udgang, og denne Revision bør være sluttet før den 10. November. Derefter skal Regnskabet med Bilag, Repsforstanderskabets og Revisors Antegninger og Regnskabsførerens Svar fremlægges til Eftersyn for Reppens Beboere paa Reppens Tingsted eller et andet bekvemt Sted fra den 14. November inkl. til Maanedens Udgang. Fremlæggelsen skal forinden bekendtgøres i Reppen. Før den 7. December næst efter tilstiller Formanden Sysselforstanderskabet Regnskabet med Bilag, Repsforstanderskabets og Revisors Antegnelser og Regnskabsførerens Svar. Sysselforstanderskabet reviderer derefter Regnskabet og deciderer det efter Forskrifterne i § 69.

Hele Repsforstanderskabet er ansvarligt for, at Regnskabet er rigtigt. Ligeledes bærer det Ansvar for Reppens Kapitaler, Gældsbreve og andre Ejendomme.

§ 51.

Uden Forstanderskabets Samtykke kan ingen Udgift, som ikke har Hjemmel i en Lov eller Sysselforstanderskabets Vedtagelse, udbetales af Kommunekassen.

§ 52.

Det paahviler Repsforstanderskabet at udføre, hvad der i Lovgivningen er paalagt det med Hensyn til Ungdommens Oplærelse, Sundhedsvæsen, Veje, Understøttelseskasser for Almuesfolk, Skattevæsen, Kapitelstakster, Tilladelser til at være Husmand. Tilladelser til at være Tomthusmand, Bevillinger til Handel med spirituøse Drikke, Tilladelser til at optage Nybyggersted, Valg til Altinget, Udryddelse af Faareskab og andet Reppen vedkommende, som ikke er særlig opregnet i denne Lov.

§ 53.

Sysselforstanderskabets Samtykke udfordres til Gyldigheden af Repsforstanderskabets Beslutninger i følgende Tilfælde, nemlig til:

1. i Aarets Løb at forhøje de i Ligningen opførte Beløb;
2. at Kommunen overtager nogen vedvarende Forpligtelse, som ikke umiddelbart ifølge Lovgivningen paahviler den;
3. at der af Kommunens Kasse udredes Betaling for Medhjælp ved Udførelsen af kommunale Hverv, som det paaligger nogen at udføre efter Valg, med Undtagelse af Formandens Lønning (§ 48);
4. at der i noget Aar paalignes Reppens Beboere et større samlet Skattebeløb til Kommunens Kasse end Gennemsnittet af de tilsvarende Beløb i de 3 nærmest foregaaende Aar, med Tillæg af en Tredjedel. De Beløb, som herudover i noget Aar, med Sysselforstanderskabets Samtykke udskrives, medtages ikke ved paafølgende Beregninger af fornævnte Gennemsnitsbeløb;
5. at Kommunens faste Ejendomme afhændes eller pantsættes, eller at der erhverves nye faste Ejendomme for Kommunen;
6. at der forbruges af Kommunens Kapitalformue;
7. at der optages noget Laan for Kommunen af større Beløb eller for længere Tid, end at det kan tilbagebetales inden Udgangen af det følgende Regnskabsaar; at saadant Laan fornyes, eller den Tid hvori det skal afbetales, forlænges,

Nr. 43.
10. nóvbr.
Nú synjar sýslunefnd um samþykki sitt til einhverrar þeirrar ráðstöfunar, sem getur um í þessari grein, og er þá hreppsnefnd rjett að bera málið á lögmætum sveitarfundi undir atkvæði allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, og fallist þá $^3/_4$ gjaldenda á ráðstöfnnina, skal hún gild án samþykkis sýslunefndar. Það er lögmætur sveitarfundur, er hreppsnefnd kveður til með skriflegu fundarboði og að minnsta kosti 8 daga fyrirvara, enda sje þar tiltekið hver aðalmál komi til umræðu og atkvæða á fundinum.

54. gr.

Ef sýslumaður kemst að því, að einhver ályktun hreppsnefndarinnar fer fram yfir það, sem hún hefur vald til, eða er að öðru leyti lögum gagnstæð, eða miðar til að gjöra einhverja ráðstöfun, sem sveitin getur haft tjón af, eða skorast undan að gegna þeirri skyldu, er á sveitinni hvílir, getur hann með brjefi til oddvita hreppsnefndarinnar ónýtt ályktunina fyrst um sinn, ef eigi er enn búið að framkvæma hana. Síðan leggur hann málið fyrir næsta sýslunefndarfund, sem kveður upp fullnaðarúrskurð um það.

## B. Sýslunefndir.

### *a. Skipun sýslunefnda.*

55. gr.

Í sýslunefnd hverri skal vera einn kjörinn maður úr hverjum hreppi sýslufjelagsins auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar.

Í Vestmannaeyjasýslu er sýslumaðurinn, sóknarpresturinn og þrír kjörnir menn í nefndinni.

56. gr.

Hver hreppur er kjördæmi út af fyrir sig og kýs einn mann í sýslunefnd, nema Vestmannaeyjahreppur, er kýs þrjá. Kosningin fer fram á manntalsþingi með óbundinni atkvæðagreiðslu, er kjörstjórnin skipar fyrir um. Í kjörstjórninni er sýslumaður, sem er formaður, og 2 menn aðrir, er sýslunefnd kýs.

57. gr.

Um kosningarrjett og kjörgengi til sýslunefndar og um það, hvernig haga skuli kosningunni, gildir að öðru leyti hið sama, sem fyrir er mælt í þessu efni að framan um hreppsnefndirnar. Sömuleiðis skal farið eptir hreppsnefndarkjörskránum, þegar kjósa á í sýslunefndirnar (sbr. 8., 16. og 18.—19. gr.).

58. gr.

Sýslunefndin sker úr mótmælum gegn lögmæti kosningar. En til þess að þeim verði gaumur gefinn, skal bera þau upp brjeflega fyrir oddvita nefndarinnar innan 14 daga frá því er kosningargjörðinni er lokið. Sýslunefndin sker einnig úr málum, er rísa af því, að einhver beiðist þess að mega ganga úr nefndinni, og eins þá er spurning er um að víkja einhverjum úr henni.

Um úrgöngu eða brottvísun sýslunefndarmanna úr sýslunefnd fari að sínu leyti eins og um úrgöngu eða brottvísun hreppsnefndarmanna úr hreppsnefnd (sjá 22. gr.). Heimilt er þeim, er vikið er úr sýslunefnd, að skjóta úrskurði sýslunefndar um það til stjórnarráðsins.

59. gr.

Í hreppi hverjum skal kjósa varasýslunefndarmann og gilda sömu reglur við kosning hans, sem við kosning sýslunefndarmanns.

Hvis Sysselforstanderskabet nægter Samtykke til nogen af de i denne Paragraf nævnte Foranstaltninger, kan Repsforstanderskabet forelægge Sagen paa et lovligt Reppemøde til Afstemning for alle de Skatteydere i Reppen, der har Valgret til Repsforstanderskabet; hvis da $^3/_4$ af Skatteyderne stemme for Foranstaltningen, er den gyldig uden Sysselforstanderskabets Samtykke. Et Reppemøde er lovligt, naar Repsforstanderskabet skriftlig har indvarslet dertil med mindst 8 Dages Varsel og med Angivelse af de vigtigste Sager, som skulle behandles og afgøres paa Mødet. Nr. 43. 10. Novbr.

§ 54.

Kommer Sysselmanden til Kundskab om, at en af Repsforstanderskabet tagen Beslutning overskrider den Forstanderskabet tilkommende Myndighed, eller paa anden Maade er stridende mod Lovgivningen, eller at den gaar ud paa at træffe en for Kommunen fordærvelig Foranstaltning eller at nægte Opfyldelsen af en Kommunen paahvilende Pligt, kan han ved en Skrivelse til Repsforstanderskabets Formand midlertidig sætte Beslutningen ud af Kraft, for saa vidt den endnu ikke er udført. Derefter forelægger han Sagen for Sysselforstanderskabet i dets næste Møde, som endelig afgør Sagen.

## B. Sysselforstanderskaber.

### a. *Sysselforstanderskabers Dannelse.*

§ 55.

I hvert Sysselforstanderskab skal, foruden Sysselmanden, som er Forstanderskabets Formand, have Sæde et valgt Medlem fra hver af Sysselkommunens Repper.

I Vestmannö Syssel have Sysselmanden, Sognepræsten og 3 valgte Medlemmer Sæde i Forstanderskabet.

§ 56.

Hver Rep udgør en Valgkreds og vælger et Medlem af Sysselforstanderskabet, dog at Vestmannö Rep vælger 3 Medlemmer. Valget foregaar paa Mandtalstinget med ubunden Stemmegivning, som ledes af Valgbestyrelsen. Valgbestyrelsen bestaar af Sysselmanden som Formand og to andre af Sysselforstanderskabet valgte Personer.

§ 57.

Om Valgret og Valgbarhed til Sysselforstanderskabet samt om Valghandlingens Ordning gælder forøvrigt det samme, som foran i saa Henseende er foreskrevet for Repsforstanderskaberne. Ligeledes skulle Valglisterne til disse lægges til Grund ved Valget til Sysselforstanderskaberne (jfr. §§ 8, 16 og 18—19).

§ 58.

Sysselforstanderskabet paakender Indsigelser imod et Valgs Gyldighed. For at tages i Betragtning, maa de fremsættes skriftlig for Forstanderskabets Formand inden 14 Dage efter Valghandlingens Slutning. Sysselforstanderskabet afgør ligeledes Andragender om Udtrædelse af dette saavel som Spørgsmaal, der maatte opstaa om et Medlems Udelukkelse af Forstanderskabet.

Om Medlemmers Udtræden eller Udelukkelse af Sysselforstanderskabet gælder iøvrigt det samme som ved Repsforstanderskaberne (jfr. § 22). Den, der udelukkes af Sysselforstanderskabet, kan indanke sammes Beslutning derom til Ministeren.

§ 59.

I hver Rep skal vælges en Suppleant til Sysselforstanderskabet, ved hvis Valg de samme Regler gælde som ved Valget af et Medlem af Syselforstanderskabet.

Nr. 43. 10. nóvbr. Nú er sýslunefndarmaður forfallaður frá að mæta á sýslufundi, og skal hann þá tilkynna varasýslunefndarmanni forföll sín svo tímanlega, að hann geti sótt sýslufund.

Varasýslunefndarmaður hefir sömu rjettindi og skyldur sem sýslunefndarmaður.

60. gr.

Sýslunefndarmenn skal kjósa fyrir 6 ár, þó með þeim nánari takmörkunum, er segir í 61.—62. og 64. gr.

61. gr.

Á manntalsþingum hinum næstu eptir að lög þessi fá gildi skal í öllum hreppum á landinu kjósa sýslunefndarmann (í Vestmannaeyjahreppi þrjá) og varasýslunefndarmann. Gömlu sýslunefndarmennirnir og varasýslunefndarmennirnir fara jafntramt frá, en þá má endurkjósa. Af sýslunefndarmönnum og varasýslunefndarmönnum þeim, er þá verða kosnir í hverja sýslunefnd, gengur eptir hlutkesti milli hreppa meiri hlutinn, ef tala hreppa í sýslu stendur á stöku (3 af 5, 4 af 7, 5 af 9 o. s. frv.), en ella helmingur úr sýslunefndinni sama ár sem meiri hluti hreppsnefnda á eptir 11. gr. að ganga úr hreppsnefndum, og minni hluti sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna í hverri sýslu eða annar helmingur gengur svo úr 3 árum seinna. Í stað þeirra sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna, er úr nefndinni ganga í hvort skipti, skal á manntalsþingum sama ár kjósa jafnmarga menn til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan meiri og minni hluti eða helmingur hverrar kosinnar sýslunefndar frá á víxl með 3 ára millibili.

62. gr.

Ef sýslunefndarmaður deyr eða fer af öðrum ástæðum úr nefndinni, áður en kjörtími hans er liðinn, skal á næsta manntalsþingi kjósa mann í nefndina í stað hans, að eins til þess tíma, er eptir var af kjörtíma hans. Sama er um varasýslunefndarmann.

63. gr.

Um endurkosning og um rjett manns til að skorast undan að taka við kosningu í sýslunefnd skal fara eptir fyrirmælum 14. gr., og á það jafnt við um varasýslunefndarmann sem sýslunefndarmann.

64. gr.

Nú er hreppi skipt í tvo hreppa, og gengur þá sýslunefndarmaður hans þegar úr nefndinni og sömuleiðis varasýslunefndarmaður. Á næstu manntalsþingum á eptir skal í hvorum þessara hreppa kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann, og ganga þeir úr nefndinni eptir nánari ákvörðun sýslunefndarinnar þannig, að fylgt sje reglunum í 61. gr.

65. gr.

Sýslunefndin skal eiga að minnsta kosti einn fund á ári eptir því sem oddviti ákveður nákvæmar. Auk þess má hann kveðja til aukafundar, þegar honum þykir þess þörf, og hann er skyldur til þess, ef helmingur nefndarmanna heimtar það. Nefndin ræður fundarstað, þegar hún vill, ella oddviti.

66. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gjört, nema meir en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Naar et Medlem af Forstanderskabet paa Grund af Forfald ikke kan møde i et Sysselmøde, skal han meddele Suppleanten sit Forfald saa betids, at han kan give Møde. Nr. 43. 10. Novbr.

En Suppleant har de samme Rettigheder og Forpligtelser som et Sysselforstanderskabs Medlem.

§ 60.

Medlemmerne af Sysselforstanderskabet vælges for 6 Aar, dog med de i §§ 61—62 og 64 bestemte nærmere Begrænsninger.

§ 61.

Paa de første Mandtalsting efter denne Lovs Ikrafttræden skulle i hver af Landets Repper vælges et Medlem til Sysselforstanderskabet (i Vestmannö Rep tre) og en Suppleant. De tidligere Medlemmer og Suppleanter udtræde samtidig, men kunne genvælges. Af de Medlemmer og Suppleanter, som da vælges til hvert Sysselforstanderskab, udtræder efter Lodtrækning mellem Reppene Flertallet, hvis Reppenes Antal i Sysselet er ulige (3 af 5, 4 af 7, 5 af 9 o. s. v.), men ellers Halvdelen af Sysselforstanderskabet, samme Aar, som Flertallet af Repsforstanderskabernes Medlemmer udtræde af disse ifølge § 11; Mindretallet eller den anden Halvdel af de i hvert Syssel valgte Sysselforstanderskabsmedlemmer og Suppleanter udtræder derpaa 3 Aar senere. I Stedet for de hver Gang af Sysselforstanderskabet udtraadte Medlemmer og Suppleanter, skulle paa samme Aars Mandtalsting et lige Antal vælges for 6 Aar. Paa denne Maade udtræder derefter stedse Flertallet eller Halvdelen af de til Sysselforstanderskabet valgte vekselvis med 3 Aars Mellemrum.

§ 62.

Hvis et Medlem af Sysselforstanderskabet afgaar ved Døden eller udtræder af Forstanderskabet inden Udløbet af den Tid, for hvilken han er valgt, skal paa næste Mandtalsting vælges en Person i hans Sted til Sysselforstanderskabet, dog ikkun for den tilbagestaaende Del af hans Valgtid. Det samme gælder om Suppleanter.

§ 63.

Med Hensyn til Genvalg og en Persons Ret til at undslaa sig for at modtage Valg til et Sysselforstanderskab forholdes efter Bestemmelserne i § 14, der lige saavel ere anvendelige paa Suppleanter som paa Sysselforstanderskabsmedlemmer.

§ 64.

Naar en Rep deles i to Repper, udtræder dens Medlem af Sysselforstanderskabet straks af Forstanderskabet saavel som Suppleanten. Paa de næste Mandtalsting skal vælges i hver af disse Repper et Sysselforstanderskabsmedlem og en Suppleant; disse udtræde af Forstanderskabet efter Sysselforstanderskabets nærmere Bestemmelse, saaledes at Reglerne i § 61 følges.

§ 65.

Sysselforstanderskabet skal afholde i det mindste et Møde aarlig efter Formandens nærmere Bestemmelse. Desuden kan Formanden sammenkalde et ekstraordinært Møde, naar han anser det nødvendigt, og han er forpligtet dertil, hvis Halvdelen af Medlemmerne forlanger det. Forstanderskabet bestemmer Mødestedet, naar det ønsker det, men ellers Formanden.

§ 66.

Sysselforstanderskabet kan ikke tage nogen Bestemmelse, medmindre over Halvdelen af alle dets Medlemmer (iberegnet Formanden) er til Stede. Paa Forstanderskabets Møder gør Stemmeflerhed Udslaget; er Stemmerne lige, gør Formandens Stemme Udslaget.

Nr. 43. 10. nóvbr. Hver nefndarmaður, sem er eigi samdóma hinum, á heimting á, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gjörðabókina, og skulu allir nefndarmenn, sem við voru staddir, rita nöfn sín undir hana, þegar fundi er slitið.

67. gr.

Oddviti stjórnar umræðum og sjer um, að fundargjörðir og allar ályktanir nefndarinnar sjeu rjett og nákvæmlega bókaðar og ályktanir hennar framkvæmdar. Hann sjer um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, sjeu tilhlýðilega unnin. Hann er fjehirðir hennar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og brjefaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar og annað, er henni við kemur. Hann geymir innstæðufje sýslunnar, skuldabrjef og aðrar eignir sýslufjelagsins.

Sýslunefndin getur falið hverjum nefndarmanni, er hún vill, ákveðin störf, er hún á að annast, eða kosið nokkra af nefndarmönnum í undirnefnd, til að leysa þau af hendi, eða að starfa að einhverju málefni til undirbúnings milli funda. Fyrir þesskonar störf má hún veita hæfilega þóknun úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefir ábyrgð á þeim störfum.

*b. Verksvið sýslunefnda og laun.*

68. gr.

Sýslunefnd hefur yfirstjórn sveitarmálefna í öllum hreppum sýslunnar, og leggur fullnaðarúrskurð á mál þau, er samkvæmt 19., 21.—23., 30., 40.—41., 50. og 53. gr. laga þessara liggja undir hana, svo og á þær ályktanir hreppsnefnda, er skotið er undir úrskurð hennar samkvæmt löggiltum reglugjörðum sýslunefndar. Hún hefur yfir höfuð umsjón með því að hreppsnefndirnar hegði sjer í sveitarstjórnarathöfnum sínum eptir lögum og löglegum fyrirskipunum.

Ef sýslunefnd virðist, að hreppsnefnd hafi látið greiða ólögmæt gjöld eða neitað að borga það, sem hún á að greiða, eða leitt hjá sjer að framkvæma einhverja aðra ráðstöfun, sem hún er skyld til, eða að hún hafi á annan hátt farið fram yfir það, sem hún hefur vald til, skal sýslunefndin sjá um, að þessu sje kippt í lag, og, ef nauðsyn ber til, getur hún falið oddvita sínum að beita þvingunarsektum, til þess að boðum hennar verði framfylgt, og auk þess komið fram ábyrgð á hendur einstökum hreppsnefndarmönnum við dómstólana.

69. gr.

Sýslunefnd kýs á ári hverju mann eða menn úr sínum flokki til að yfirskoða ársreikninga allra hreppa í sýslunni. Endurskoðari skal, ef honum þykir ástæða til senda fyrir lok desembermánaðar hreppsnefndaroddvita athugasemdir sínar og ber oddvita að svara þeim fyrir miðjan janúar næst á eptir. Síðan skal úrskurða reikningana á aðalfundi nefndarinnar; semur sýslumaður síðan eptir þeim yfirlit yfir efnahag hreppanna, og sendir stjórnarráðinu.

Yfirskoðara þessara reikninga má veita þóknun úr sýslusjóði, eptir því sem nefndin ákveður.

70. gr.

Sýslunefnd stjórnar öllum sveitarmálum, er varða sýsluna í heild sinni. Eptir tillögum hreppsnefnda gjörir hún, þegar svo ber undir, ráðstöfun til að afstýra hallæri í sýslunni, enda skýri hún stjórnarráðinu ýtarlega frá gjörðum sínum í því efni. Hún ræður, hvar lögferjur skuli vera og annast um, að þær sjeu jafnan í góðu lagi, og að lög-

Ethvert Forstanderskabsmedlem, som har en fra de andres afvigende Mening, har Krav paa at faa den kortelig tilført Protokollen Naar Mødet er sluttet, skal Protokollen underskrives af alle de tilstedeværende Medlemmer. Nr. 43. 10. Novbr.

§ 67.

Formanden leder Forhandlingerne og paaser, at disse og alle Forstanderskabets Beslutninger rigtigt og nøjagtigt tilføres Protokollen, samt at dets Beslutninger udføres. Han drager Omsorg for, at alle Forretninger, som Forstanderskabet har at varetage, besørges paa behørig Maade. Han er dets Kasserer og Regnskabsfører, affatter alle dets Indberetninger og Regnskaber, besørger al Bogførsel og Brevveksling. Han opbevarer Forstanderskabets Protokoller og andet det tilhørende. Han opbevarer Sysselets Kapitaler, Gældsbreve og Sysselkommunens andre Ejendele.

Sysselforstanderskabet kan til hvert Medlem, det vil, overdrage visse bestemte af dets Forretninger eller vælge enkelte Medlemmer i et Udvalg for at udføre dem eller til at forberede en eller anden Sag mellem Møderne. For saadant Arbejde kan det bevilge en passende Godtgørelse af Sysselkassen.

Hele Sysselforstanderskabet er ansvarligt for disse Forretninger.

b. *Sysselforstanderskabernes Virksomhedsomraade.*

§ 68.

Sysselforstanderskabet har Overbestyrelsen af de kommunale Anliggender i alle Sysselets Repper, og den endelige Afgørelse af de ifølge §§ 19, 21, 23, 30, 40, 41, 50 og 53 under det henhørende Sager, saavel som af Repsforstanderskabs Kendelser som indankes til dets Resolution overensstemmende med Sysselforstanderskabets autoriserede Regulativer. Det har i det hele Tilsyn med, at Repsforstanderskaberne i deres Forvaltning holde sig Lovene og lovlige Forskrifter efterrettelige.

Finder Sysselforstanderskabet, at et Repsforstanderskab har afholdt ulovlige Udgifter eller nægtet at udrede, hvad det skal betale, eller undladt at iværksætte nogen Foranstaltning, hvortil det er forpligtet, eller at det paa anden Maade har overskredet sin Myndighed, skal Sysselforstanderskabet paase, at dette redresseres, og, om fornødent kan det bemyndige sin Formand til at anvende Tvangsmulkter for at dets Befalinger efterkommes, samt desuden gøre Ansvar gældende ved Domstolene imod enkelte Repsforstanderskabsmedlemmer.

§ 69.

Sysselforstanderskabet vælger aarlig et eller flere af sine Medlemmer til kritisk at gennemgaa Aarsregnskaberne fra alle Sysselets Repper. Revisoren skal, hvis han finder Anledning dertil, tilstille Repsforstanderskabets Formand inden Udgangen af December sine Antegnelser, hvilke denne skal besvare inden Midten af den følgende Januar Maaned. Regnskabet decideres derpaa paa Sysselforstanderskabets ordentlige Møde, hvorefter Sysselmanden affatter en Oversigt over Reppernes økonomiske Status, hvilken Oversigt tilstilles Ministeriet.

Revisoren af disse Regnskaber kan der tilstaas en Godtgørelse af Sysselkassen efter Forstanderskabets Bestemmelse.

§ 70.

Sysselforstanderskabet styrer alle Sysselet i dets Helhed vedrørende kommunale Anliggender. Efter Repsforstanderskabernes Indstilling træffer det, naar dertil findes Anledning, Foranstaltninger til at afværge Hungersnød i Sysselet; om det i saa Henseende foretagne gør det en udførlig Indberetning til Ministeriet. Det bestemmer, hvor offentlige Færge-

Nr. 43. 10. nóvbr. ferjumenn gæti skyldu sinnar. Þá er skipa skal hreppstjóra, stingur hún upp á 3 mönnum til þess, og af þeim skipar sýslumaður einn. Einnig gjörir hún tillögu um, hvort hreppstjóri skuli vera einn í hreppi eða tveir. Hún annast um að prentaðar sjeu eigi sjaldnar en 10. hvert ár nákvæmar skrár yfir fjármörk og, ef ástæður eru til, einnig yfir hestamörk, í allri sýslunni.

71. gr.

Sýslunefnd semur reglugjörð um notkun afrjetta, fjallskil, fjárheimtur og smalanir heimalanda á haustum til fjárskila, og sömuleiðis á vorum til rúningar og fráfærna, og ráðstafanir til að eyða refum, svo og aðrar reglugjörðir þær, er hún hefir heimild til að semja samkvæmt lögum. Þá er nefndin hefir á fundi með meiri hluta atkvæða samþykkt einhverja slíka reglugjörð, skal senda hana stjórnarráðinu, sem getur veitt henni lagagildi.

72. gr.

Eigi skal neinu máli, er varðar einhverja sýslu sjerstaklega, til lykta ráðið fyrr en álits sýslunefndar þar hefur verið leitað um það. Sýslunefnd má og að fyrra bragði senda stjórnarráðinu tillögur um hvað eina, er verða má sýslunni til gagns, eða til að afstýra hallæri.

73. gr.

Reikningsár sýslusjóðs er almanaksárið.

74. gr.

Sýslunefndin skal á aðalfundi semja áætlun fyrir næstkomandi reikningsár yfir tekjur og útgjöld sýslunnar. Að því leyti sem eigi er heimild fyrir greiðslu einstakra gjalda með niðurjöfnun á annan hátt, skal jafna því, sem með þarf, niður á hreppsfjelög sýslunnar eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða, að tveim þriðjungum, og eptir tölu verkfærra karlmanna, að einum þriðjungi í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjaldi því, er þannig kemur á hvert hreppsfjelag, skal hreppsnefndin jafna niður á hreppsbúa, samkvæmt fyrirmælunum í 36. gr., og skal hreppsnefndaroddvitinn greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

75. gr.

Oddvita sýslunefndarinnar skal endurgjalda eptir reikningi hans það sem hann hefur borgað fyrir ritföng, sendiferðir o. fl., og skal öll nefndin ávísa honum fjeð.

76. gr.

Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga og ferðakostnað úr sýslusjóði 4 krónur hvern dag frá því er hann fer að heiman á sýslufund til þess er hann kemur heim aptur.

77. gr.

Ekkert gjald má greiða úr sýslusjóði, nema heimild sje fyrir því í lögum, eða það sje ákveðið af sýslunefndinni.

78. gr.

Sýslunefndin kýs árlega á aðalfundi mann úr sínum flokki til þess að yfirskoða næsta reikning sýslusjóðsins.

steder skulle være og drager Omsorg for, at de altid ere i god Stand, samt at de offentlige Færgemænd opfylder deres Pligter. Naar en Repstyrer skal beskikkes, bringer det 3 Mænd i Forslag dertil, af hvilke Sysselmanden beskikker en. Ligeledes fremsætter de Forslag, om en Rep skal have een eller to Repstyrere. Det drager Omsorg for, at der ikke sjældnere end hvert 10. Aar trykkes nøjagtige Fortegnelser over Mærker paa Faar, og, saafremt dertil er Anledning, over Mærker paa Heste, i hele Sysselet. Nr. 43. 10. Novbr.

§ 71.

Sysselforstanderskabet affatter Reglement for Fællesgræsgangenes Afbenyttelse, Kreaturernes Indsamling fra disse og fra Hjemmegræsgangene om Efteraaret til Faarenes Sortering, og ligeledes om Foraaret til Uldens Aftagelse og Lammenes Adskillelse fra Mødrene, samt Foranstaltninger til at udrydde Ræve, saavel som andre Regulativer, som det ifølge Lovgivningen er bemyndiget til at affatte. Naar Forstanderskabet paa et Møde med Stemmeflerhed har vedtaget et saadant Regulativ, skal det tilstilles Ministeriet, som kan stadfæste det.

§ 72.

Intet Anliggende, som særskilt angaar et Syssel, kan endelig afgøres, forinden Sysselforstanderskabets Erklæring derover er indhentet. Et Sysselforstanderskab kan ogsaa af egen Drift tilsende Ministeriet Indstilling om et hvilket som helst Anliggende, der kan befordre Sysselets Vel eller afværge Hungersnød.

§ 73.

Sysselkassens Regnskabsaar er Kalenderaaret.

§ 74.

Sysselforstanderskabet skal paa sit ordentlige Møde affatte et Overslag for det følgende Regnskabsaar over Sysselets Indtægter og Udgifter. For saa vidt der ikke er Hjemmel for enkelte Udgifters Opkrævning paa anden Maade, skal det Beløb, som udfordres, paalignes Sysselets Repskommuner for to Tredjedele i Forhold til det samlede Antal af Løsegodshundreder og Jordhundreder og for en Tredjedel i Forhold til Antallet af arbejdsføre Mandspersoner i hver Rep for sig.

Den Afgift, som saaledes skal udredes af en Repskommune, skal Repsforstanderskabet paaligne Reppens Beboere overensstemmende med Forskrifterne i § 36; Formanden for Repsforstanderskabet udbetaler Beløbet til Sysselmanden paa næste Mandtalsting.

§ 75.

Sysselforstanderskabets Formand erholder refunderet efter Regning, hvad han har lagt ud for Skrivematerialer, Budsendelse m. m., saaledes at hele Forstanderskabet anviser ham Beløbet.

§ 76.

Hvert Medlem af Sysselforstanderskabet faar af Sysselkassen i Diæter og Rejsegodtgørelse 4 Kr. daglig fra han rejser hjemme fra til Sysselmødet og indtil han kommer hjem igen.

§ 77.

Ingen Udgift maa afholdes af Sysselkassen, medmindre den er hjemlet i Lovgivningen eller vedtaget af Sysselforstanderskabet.

§ 78.

Sysselforstanderskabet vælger aarlig paa sit ordentlige Møde et af sine Medlemmer til at revidere Sysselkassens næste Regnskab.

Nr. 43.
10. nóvbr.

79. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal oddviti sýslunefndarinnar gjöra reikning yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins næstliðið ár og senda yfirskoðara hann fyrir lok sama mánaðar. Yfirskoðari skal fyrir lok næsta febrúarmánaðar senda oddvita aptur reikninginn með athugasemdum sínum. Á næsta aðalfundi þar á eptir rannsakar sýslunefndin reikninginn í sambandi við athugasemdirnar og svör reikningshaldara upp á þær, og úrskurðar síðan reikninginn.

Reikninginn á að semja eptir áætlun þeirri, sem nefnd er í 74. gr., og skal honum fylgja skrá yfir eignir sýslunnar og yfirlitsreikningur yfir eigur og skuldir hennar. Þetta ásamt reikningnum sjálfum sendir oddviti stjórnarráðinu til yfirlits með næsta pósti, eptir að reikningurinn var úrskurðaður.

Fyrir lok júnímánaðar skal senda hverri hreppsnefnd í sýslunni ágrip af sýslufundargjörðinni ásamt reikningnum, prentað eða á annan hátt margfaldað, svo mörg eintök, er hæfa þykir. Nú eru eigi tök til þessa að áliti sýslunefndar, og skal þá fyrir sama tíma senda í hvern hrepp til oddvita eitt skrifað eptirrit af sýslufundargjörðinni ásamt reikningnum, og skal oddviti sjá um að hreppsbúar fái að lesa það. Fyrir eptirrit þessi fær sýslumaður 50 aura fyrir hverja örk, og skal það og allur kostnaður við prentun og útsending goldið úr sýslusjóði.

Öll sýslunefndin hefur ábyrgð á að reikningurinn sje rjettur. Hún ábyrgist einnig innstæðufje, skuldabrjef og aðrar eigur sýslufjelagsins.

80. gr.

Að því er snertir menntamál, heilbrigðismál, ljósmæður, vegi, alþýðustyrkarsjóði, skattamál, alþingiskosningar, verzlunarleyfi og áfengissöluleyfi, nýbýli, laxveiði og ýmsar aðrar greinir atvinnumála o. fl. hefur sýslunefnd hlutverk eptir því sem lög ákveða.

81. gr.

Þyki oddvita einhver ályktun nefndarinnar fara fram yfir það, sem hún hefir vald til, eða sje að öðru leyti lögum gagnstæð, eða hún miði til að gjöra einhverja ráðstöfun, sem sýslufjelagið geti haft tjón af, eða skorast undan að gegna skyldu, sem hvílir á því, skal honum heimilt að fella ályktunina úr gildi, og ber honum þá að senda stjórnarráðinu tafarlaust skýrslu um það. Jafnframt skal hann senda sýslunefndinni eptirrit af skýrslunni. Stjórnarráðið sker úr ágreiningnum.

82. gr.

Með næsta pósti eptir sýslunefndarfund skal oddviti senda stjórnarráðinu endurrit af gjörðabókinni til athugunar.

## 3. Kafli.

## Um það hver lög sjeu numin úr gildi með lögum þessum, og hvenær lög þessi komi í gildi m. m.

83. gr.

Með lögum þessum eru þessi lög og lagaákvæði úr gildi numin:
Tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.
Lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

§ 79.

I hvert Aars Januar Maaned skal Sysselforstanderskabets Formand affatte et Regnskab over Sysselkassens Indtægter og Udgifter i det sidste Aar og sende det til Revisor inden samme Maaneds Udgang. Inden næste Februar Maaneds Udgang sender Revisor Regnskabet tilbage til Formanden med sine Antegnelser. Paa sit næste ordentlige Møde undersøger Sysselforstanderskabet Regnskabet i Forbindelse med Antegnelserne og Regnskabsførerens Svar derpaa, og deciderer derefter Regnskabet.

Regnskabet bør affattes efter det i § 74 nævnte Overslag og være ledsaget af Fortegnelse over Sysselets Ejendele og en Opgørelse over dets Formue og Gæld. Denne tillige med selve Regnskabet sender Formanden til Ministeriet til Gennemsyn med første Post efter Regnskabets Decision.

Inden Juni Maaneds Udgang sendes til hvert af Sysselets Repsforstanderskaber en Ekstrakt af Mødets Forhandlinger tillige med Regnskabet trykt eller paa anden Maade mangfoldiggjort, i et passende Antal Eksemplarer. Hvis en saadan Mangfoldiggørelse, efter Sysselforstanderskabets Formening, ikke kan finde Sted, skal der inden den samme Frist tilsendes Formændene i Repsforstanderskaberne en Afskrift af Forhandlingerne med Regnskabet, og han skal paase, at Reppens Beboere faa Lejlighed til at læse det. For disse Afskrifter faar Sysselmanden 50 Øre for hvert Ark, hvilket tillige med Omkostninger ved Trykning og Forsendelse udredes af Sysselkassen.

Hele Sysselforstanderskabet er ansvarligt for Regnskabets Rigtighed. Det bærer ogsaa Ansvar for Sysselkommunens Kapitaler, Gældsbreve og andre Ejendele.

§ 80.

Det paahviler Sysselforstanderskaberne at udføre, hvad der i Lovgivningen er paalagt dem med Hensyn til Undervisningsvæsen, Sundhedsvæsen, Jordemødre, Veje, Understøttelseskasser for Almuesfolk, Skattevæsen, Valg til Altinget, Tilladelse til Handel, Tilladelse til Salg af spirituøse Drikkevarer, Nybyggersteder, Laksefiskeri samt andet Næringsvæsen.

§ 81.

Finder Formanden, at en af Forstanderskabet tagen Beslutning overskrider den samme tilkommende Myndighed eller i anden Henseende er stridende imod Lovgivningen, eller at den gaar ud paa at træffe en for Sysselkommunen fordærvelig Foranstaltning, eller at nægte Opfyldelsen af en Kommunen paahvilende Pligt, har han Ret til at sætte Beslutningen ud af Kraft, hvorhos han uopholdelig har at gøre Indberetning herom til Ministeriet. Samtidig skal han tilsende Sysselforstanderskabet Genpart af Indberetningen. Ministeriet afgør Meningsforskellen.

§ 82.

Med næste Post efter et Sysselmøde skal Formanden tilstille Ministeriet en Udskrift af Forhandlingsprotokollen.

## 3dje Afsnit.

## Om hvilke Love ophæves ved denne Lov og om Lovens Ikrafttræden m. m.

§ 83.

Ved nærværende Lov ere følgende Love og Lovbestemmelser ophævede:

Frd. 4. Maj 1872 om de islandske Landkommuners Styrelse.

Lov 9. Januar 1880 om Forandring i Forordning af 4. Maj 1872 om de islandske Landkommuners Styrelse.

Nr. 43. Lög 16. des. 1885 um breyting á 46. gr. í tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.
10. nóvbr. Lög 9. ágúst 1889 um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Lög 11. júlí 1890 um breytingar nokkrar á tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi o. fl.

Lög 11. desbr. 1891 um þóknun handa hreppsnefndarmönnum.

Lög 15. febr. 1895 um breyting á 1. gr. laga 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Lög 6. marz 1896 um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilskipun um sveitarstjórn á Íslandi 4. maí 1872.

Lög 6. nóv. 1897 um breyting á 6. gr. tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og viðauka við lög nr. 1, 9. jan. 1880.

Lög 4. júní 1898 um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða, 3. og 4. gr.

Lög 9. sept. 1899 um breyting á 48. gr. í tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

Lög 13. nóv. 1903 um viðauka við lög 9. jan. 1880 um breyting á tilsk. 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi og breyting á lögum 9. ágúst 1889 um viðauka við nefnd lög.

Þau ákvæði í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna og í lögum 6. nóvbr. 1902 um kjörgengi kvenna, er snerta kosningarrjett og kjörgengi kvenna til hreppsnefnda og og sýslunefnda, skulu úr gildi numin, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

84. gr.

Að því leyti sem störf þau, er amtsráðin hafa haft á hendi, eru eigi með þessum lögum lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndirnar (sbr. 70 og 71. gr..), eða þau falla í burtu af sjálfu sjer, skal þeim ráðstafað með konunglegri tilskipun.

85. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1907. Þó leggjast amtsráðin ekki niður fyrr en 31. desember sama ár.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Lov 16. December 1885 om Forandring i § 46 i Forordning om de islandske Landkommuners Styrelse af 4. Maj 1872. Nr. 43. 10. Novbr.

Lov 9. August 1889 indeholdende Tillæg til Lov af 9. Januar 1880 om Forandring i Forordning af 4. Maj 1872 om de islandske Landkommuners Styrelse.

Lov 11. Juli 1900 indeholdende nogle Forandringer i Forordning af 4. Maj 1872 om de islandske Landkommuners Styrelse.

Lov 11. December 1891 om Honorar til Medlemmer af Repsforstanderskaber.

Lov 15. Februar 1895 om Forandring i § 1 i Lov af 9. Januar 1880 om Forandring i Forordning af 4. Maj 1872 om de islandske Landkommuners Styrelse.

Lov 9. Marts 1896 om Tillæg til Lov af 9. Januar 1880 om Forandring i Forordning 4. Maj 1872 om de islandske Landkommuners Styrelse.

Lov 6. November 1897 om Forandring i Forordning om de islandske Landkommuners Styrelse af 4. Maj 1872 § 6 samt Tillæg til Lov Nr. 1 af 9. Januar 1880.

Lov 4. Juni 1898 om Forandring i Oppebørselen af Afgifter til Amtskasser og Sysselkasser.

Lov 9. September 1899 om Forandring i § 48 i Forordning af 4. Maj 1872 om de islandske Landkommuners Styrelse.

Lov 13. November 1903 om Tillæg til Lov af 9. Januar 1880 om Forandring i Forordning af 4. Maj 1872 om de islandske Landkommuners Styrelse og Forandring i Lov af 9. August 1889 om Tillæg til nævnte Lov.

De Bestemmelser i Lov 12. Maj 1882 om Kvinders Valgret og i Lov 6. November 1902 om Kvinders Valgbarhed, som vedrøre Kvinders Valgret og Valgbarhed til Repsforstanderskaber og Sysselforstanderskaber ophæves, saavel som alle andre Lovbestemmelser, som komme i Strid med nærværende Lov.

§ 84.

For saa vidt de Forretninger, som Amtsraadene have varetaget, ikke ved denne Lov ere henlagte under Ministeriet eller Sysselforstanderskaberne (jfr. §§ 70 og 71), eller de ere bortfaldne af sig selv, skal der træffes Bestemmelse om dem ved en kongelig Anordning.

§ 85.

Denne Lov træder i Kraft den 1. Januar 1907. Dog nedlægges Amtsraadene ikke førend 31. December s. A.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***
(L. S.)

***H. Hafstein.***

**Islands Ministerium, den 10. November 1905.**
***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*